

Ársskýrsla  
Æskulýðsnefndar  
Sörla

Veturinn 2015-2016

## Efnisyfirlit

---

Starfsárið og nefndin.....	3
Æskulýðsnefnd 2015-2016:.....	3
Öryggisnámskeið í hestamennsku .....	3
Sameiginlegt Jólaball.....	3
Fræðsluspjall með Daníel Jónssyni .....	4
Bingó .....	4
Námskeið í reiðtygjasíði.....	4
Grímutölt.....	5
Leikjadagur.....	5
Æskan og hesturinn.....	5
Fjölskyldureiðtúrar.....	6
Dagur íslenska hestsins .....	6
Íþróttaæfingamót .....	6
Gæðingaæfingamót .....	7
Keppnisnámskeið með Sylvíu.....	7
Pollanámskeið .....	7
Knapamerki .....	7
Löngufjöruferð .....	8
Opnir tímar með leiðsögn .....	8
Þakkir .....	9

## Starfsárið og nefndin

---

Veturinn 2015-2016 var bæði viðburðarríkur og skemmtilegur hjá okkur í Sörla og margar góðar hendur sem gerðu æskulýðsstarfið fjölbreytt og litríkt. Það hefur sýnt sig að félagið hefur í sínum röðum fullt af frábæru fólki sem er boðið og búið til að létta undir svo æskan megi njóta vel.

## Æskulýðsnefnd 2015-2016:

---

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður  
Bjarnleifur Smári Bjarnleifsson, varaformaður  
Björn Páll Angantýsson, gjaldkeri  
Marie Greve Rasmussen  
Sara Dögg Björnsdóttir  
Össur Pétur Valdimarsson

## Öryggisnámskeið í hestamennsku

---

Þann 6. desember stóð Æskulýðsnefndin fyrir námskeiði um öryggi í hestamennsku og fengu þar til liðs við sig Sigurlínu Óskarsdóttur, starfsmann VÍS og hestakonu sem hefur mikla þekkingu á því hversu mikilvæg öryggismál í hestamennsku eru og Sigurjón Hendriksson, sjúkraflutningarmann og hestamann sem þekkir af fyrstu hendi hvað ber að huga að ef slys ber að höndum.

## Sameiginlegt Jólaball

---

Hestamannafélögin Sprettur, Fákur, Hörður, Sóti og Sörli stóðu í fyrsta sinn fyrir sameiginlegu Jólaballi sem að þessu sinni var haldið í veislusal Sprettis í Samskipahöllinni þann 27. desember. Var jólaballið hið skemmtilegasta þar sem

dansað var í kringum Jólatréð, Brokkórinn mæti og hélt uppi stemmingu með söng auk þess sem Jólasveinarnir mættu á svæðið með góðgæti í poka fyrir krakkanna. Fóru öll börn glöð og kát heim að balli loknu.

### **Fræðsluspjall með Daníel Jónssyni**

---

Nefndin stóð fyrir bráðskemmilegu fræðsluspjalli með Daníel Jónssyni þann 9. janúar. Þar spjallaði Danni við krakkana um upphafið að sinni hestamennsku, fyrsta hestinn sinn, fyrstu keppninar og fyrstu verðlaunin sín. Einnig fór hann yfir það hvernig hann leggur upp vetrarþjálfunina hjá sér, auk þess sem hann bauð krökkunum að kíkja í hesthúsið til sín og bera gæðinganna augum.

### **Bingó**

---

Haldið var Bingó 17. janúar og var mæting góð. Boðið var upp á pizzur í hléinu, sem runnu ljúft ofan í Bingógesti. Í boði voru hreint út sagt glæsilegir vinningar og voru spilaðar um 15 umferðir. Fóru vinningshafarnir allir sáttir heim með veglega vinninga.

### **Námskeið í reiðtygjasmiði**

---

Nefndin fékk Sigrúnu Sigurðardóttur til að kenna reiðtygjasmiði þann 30. janúar og var mikill áhug, bæði hjá yngri og eldri kynslóðunum. Reyndist námskeiðið því verða að fjáröflun fyrir nefndina þar sem mikil aðsókn var hjá eldri kynslóðinni.

## Grímutölt

---

Hið árlega Grímutölt Sörla var haldið 7. febrúar. Þar mættu pollar bæði teymdir og ríðandi, allt frá 2ja ára aldri í grímubúingunum sínum og mátti líka sjá marga hesta skrautlega skreytta. Keppt var í barna-, unglinga og fullorðinsflokk. Í ár var briddað upp á þeirri nýjung að hafa formannatölt, þar sem formenn nefnda eða fulltrúi þeirra kepptu sín á milli. Í ár var í síðasta sinn haldin liðakeppni í kókósbollukapplaupi, en það hefur verið allengi og tímabært að breyta til.

## Leikjadagur

---

22. mars var haldinn í fyrsta sinn leikjadagur þar sem krakkarnir komu saman, ásamt foreldrum/forráðamönnum án hesta sinna og áttu frábæran dag saman í leik og skemmtun. Hálf reiðhöllin var tekin undir hoppukastala að ýmsu tagi og skemmtu börn sér á öllum aldri einstaklega vel. Boðið var uppá safe og kleinur í hléinu og kaffi fyrir foreldrana. Eftir hlé var farið í hina ýmsu leiki í reiðhöllinni s.s. stórfiskaleik, hlaupa í skarðið og eltingaleik. Þegar búið var að taka saman hoppukastalana var hópnum skipt í yngri og eldri hópa þar sem haldið var áfam í leikjum eftir því hvað hentaði hvorum aldurshóp fyrir sig. Þegar dagskránni lauk fengu allir þátttakendur páskaegg nr. 3 með sér heim.

## Æskan og hesturinn

---

Þann 10. apríl mættu Sörlakrakkar, ásamt krökkum frá Fáki, Herði og Spretti í TM höllina í Víðidal þar sem tvær sýningar *Æskan og hesturinn* voru haldnar. Voru atriðin öll hin glæsilegustu og skemmtilegt að sjá hve gaman krakkarnir höfðu af þessu og hve mikið var lagt í undibúning atriðanna.

## Fjölskyldureiðtúrar

---

Farin voru tveir fjölskyldureiðtúrar í vetur. Sá fyrri var farinn 23. apríl þar sem riðið var um klst. langur hringur og síðan hittst upp í reiðhöll þar sem grillaðar voru pylsur fyrir alla. Sá seinni var farinn 5. maí, en þá var riðið um klst. langur hringur og síðan hittst upp í reiðhöll þar sem snædd var pizza saman.

## Dagur íslenska hestsins

---

Í ár var 1. maí gerður af alþjóðlegum degi íslenska hestsins og voru hestamenn hvattir til að gera sér glaðan dag og bjóða gestum og gangandi í heimsókn í hesthúsin sín. Við í Sörla létum ekki þar við sitja og héldum sýningu á Sörlastöðum þar sem íslenska hestinum var gerð góð skil, kynntar gangtegundir hans og stiklað á sögu hans. Krakkarnir okkar mættu og sýndu gestum sýningarinnar skemmtileg atriðið. Einnig bauð Sörli sýningargestum upp á rjúkandi heitar vöflur. Eftir sýningu var öllum sem vildu boðið á bak og var teymt undir þeim yngri og minna vönu en einhverjir fengu að ríða hring í höllinni sjálfir. Tókst dagurinn frábærlega vel og má það þakka unga fólkinu okkar sem lagði ómælda vinnu í að gera daginn sem glæsilegastann. Er óhætt að segja að mikill kraftur sé í unga fólkinu okkar.

## Íþróttæfingamót

---

Nefdin stóð fyrir íþróttæfingamót 18. maí þar sem dómari gaf krökkunum umsögn. Þar að auki fengu þau leiðsögn frá reiðkennara með hvað var vel gert og hvað þau mættu gera betur.

### Gæðingaæfingamót

---

Nefdin stóð fyrir gæðingaæfingamóti. Áður en kom að mótinu sjálfu gaf einn dómari sér tíma til að setjast niður með krökkunum til að fara yfir hverju beri að huga að fyrir keppni og hvernig best geti verið að stilla upp prógrammi. Síðan þann 24. maí var mótið haldið í hífandi roki. Þrjú dómara gáfu umsögn, hver keppandi var tekinn upp á myndband sem þau gátu síðan nálgast hvert og eitt til framkvæmdastjóra. Að mótinu loknu settust krakkarnir og dómarnir niður og ræddu þeir við hvern og einn hvað mætti gera betur og hvað var vel gert.

### Keppnisnámskeið með Sylvíu

---

Í ár var haldið keppnisnámskeið með Sylvíu Sigurbjörnsdóttur sem þótti viðeigandi, þar sem framundan var Landsmót. Námskeiðið heppnaðist vel og var þátttaka með ágætum.

### Pollanámskeið

---

Í ár, líkt og undan farin ár var haldið pollanámskeið. Mikil þátttaka var á námskeiðinu og tókst það vel til. Þau börn sem ekki höfðu aðgang að hesti gátu fengið lánaðann hest, þannig gátu allir sem áhuga höfðu tekið þátt.

### Knapamerki

---

Alls stunduðu 30 nemendur á öllum aldri nám í knapamerkjum 1-5 og voru alls fjórir sem útskrifuðust af 5. stig, sem jafnframt er efsta stigið. Þetta er í fyrsta sinn sem nemendur af 5. stigi útskrifast í Sörla. Það er von okkar að þeim eigi eftir að fjölga á komandi árum.

---

### Löngufjöruféð

---

Æskulýðsnefnd og Ferðanefnd efndu til fjölskylduhestaferðar daganna 27.-29. maí. Ferðinni var heitið á Löngufjörur og var þátttaka með ágætum. Allir skemmtu sér vel, þrátt fyrir að veðrið hafi ekki alveg leikið við hópinn fyrsta daginn. Var ákveðið eftir ferðina að nefndirnar myndu skoða með að fara í aðra sambærilega ferð að ári.

---

### Opnir tímar með leiðsögn

---

Nefndin tók upp á þeirri nýjung á fimmtudögum í vetur að bjóða uppá opna tíma í reiðhöllinni þar sem kakkarnir fengu tækifæri til að vera í höllinni án þess að fullorðnir væru þar líka. Hugmyndin vatt upp á sig og fengnir voru reiðkennarar til að vera á staðnum þar sem hver og einn gat beðið um leiðsögn vegna vandamála sem þau voru að glíma við með hestinn sinn. Hinir fjölmörgu reiðkennarar komu að verkefninu og gafs þá krökkunum tækifæri á að kynnast hinum ýmsu reiðkennurum.



---

## Þakkir

---

Það er gæfa æskulýðsstarfsins að félagsmenn eru öflugir að hjálpa til þegar leitað er eftir því og ber að þakka öllum þeim sem hjálp veittu fyrir samstarfið á árinu. Að öllum öðrum ólöstuðum ber að nefna nokkra aðila sem lögðu okkur lið með vinnu sinni endurgjaldlaust. Það voru þau Arnar Bjarki Sigurðsson, Atli Guðmundsson, Ásta Björnsdóttir, Dagbjört Hrund Hjaltadóttir, Daníel Jónsson, Darri Gunnarsson, Friðdóra Friðriksdóttir, Hanna Rún Ingibergsdóttir, Hinrik Sigurðsson, Huginn Breki Leifsson, Jónína Valgerður Örvar, Ingibergur Árnason, Óskar Nikulásson, Sigurður E. Ævarsson, Sigurlín Óskarsdóttir, Sigurjón Hendriksson, Sindri Sigurðsson og Róbert Petersen.

Fjöldmörg fyrirtæki studdu starfið og gerðu það með myndarskap og hlýhug. Erfitt væri að hafa starfið jafn öflugt og raun ber vitni án þeirra stuðnings. Við sendum eftirtöldum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir stuðninginn: Annir ehf, Boðtækni, Brimco, Furufllís, Góa, Hafnarfjarðarbær, Hestar og menn, Hraunhamar, KFC, Lagnavirki ehf, Lífland, Nói Sírius, Rio Tinto Alcan, Sambíóin, Skátarnir, Skipakostur, Skógarvinnslan, Stilling, Stólpi gámar, Söðlaverkstæði Jóns Sigurðssonar, VÍS og Öryggismiðstöðin.